

Reykjavík 05. september 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. (Þingskjal 1502 – 813. mál)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.

Samtökin vilja lýsa yfir ánægju sinni með undirbúning og gerð stefnunnar sem er umfangsmikil og vel unnin, í breiðu samráði við hagsmunasamtök, ungmennaráð og sérfræðinga á málefnasviðinu. Það er ánægjulegt að sjá að sjónarmið ólíkra hópa og hagsmuna koma fram í framkvæmdaáætluninni og er því von til þess að með framfylgd stefnunnar verði vel stutt við börn og barnafjölskyldur á Íslandi, til hagsældar fyrir samfélagið allt.

Barnaheill skora á Alþingi að tryggja framgang þingsályktunartillögu þessarar og hvetja alla þá sem ábyrgir verða fyrir framkvæmd stefnunnar að tryggja að hún fái þann stuðning, fjárhagslegan sem og samfélagslegan, sem hún þarfnast til að skila því sem henni er ætlað. Afar mikilvægt er að tryggja fjármagn til uppbyggingar þeirrar þjónustu sem í boði á að vera og jafnframt er mikilvægt að börn hafi jafnan aðgang að þjónustu óháð búsetu. Sérstaklega má áréttta mikilvægi þess að börnum á landsbyggðinni verði ekki mismunað um þjónustu og aðgengi að henni.

Samtökin hafa frá upphafi unnið að því að Barnasáttmálinn verði innleiddur í íslenskt samfélag með heildstæðum hætti og virðist sem sú vinna hafi borið árangur, ef þessi stefna fær framgang og henni fylgt í hvívetna.

Það er mikilvægt að halda hinu breiða samráði áfram við framfylgd stefnunnar og að endurmat fari fram með reglubundnum hætti. Samtökin benda á eins og áður, að fjárfesting í lífi barna er fjárfesting og sparnaður til framtíðar. Ef hlúð er að umhverfi og uppeldisskilyrðum barna er líklegt að það skili sér í sterkum og hamingjusömum einstaklingum, með jákvæða sjálfsmynd og afstöðu til lífsins. Samfélag sem er skipað einstaklingum með heilbrigða og jákvæða sjálfsmynd er samfélag sem er líklegt til að skila þegnum sínum góðu búi og huga vel að velferð heildarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri